

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas Ísland hf. KVM Hafnarfjörður



Dags eftirlits	9.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Colas Ísland hf. KVM	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Gullhelli 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Björk Úlfarsdóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Steingrímur Bragason	Staðsetning	64.039991 -22.009075

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti.

Olía í frárennsli og svifagnir í frárennsli eru yfir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi Grænt bókhald 2022 hefur ekki borist.

Ábending var gerð um að endurtaka sýnatöku og mælingar í útblæstri sem fyrst þegar stöðin er í eðlilegum rekstri.

Ábending er gerð um að laga göt á girðingu um Gullhelli 1.

Ábending er gerð um að verja skal undirlag (jarðveg) á Silfurhelli 3 þar sem unnið er með olíur og bik og skal vinnslan fara fram á svæði með lekaheldu undirlagi.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í malbikunarstöð Colas Ísland ehf. af gerðinni KVM staðsett að Gullhelli 1 og Silfurhelli 3 í Hafnarfirði. Meðfylgjandi er dagskrá eftirlitsins:

1. Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og hreinsikerfa.
2. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi stöðvarinnar.
4. Kynning á verkefninu: Mengaður jarðvegur
5. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2023
6. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
7. Skoðunarferð

Eftirlitið hófst á fundi í húsakynnum KVM stöðvarinnar að Gullhelli 1. Á fundinum voru Björk Úlfarsdóttir og Steingrímur Bragason frá rekstraraðila og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

1. Farið var yfir niðurstöður úr mælingum rekstraraðila í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

Þann 6. október 2021 voru gerðar hljóðmælingar á lóðarmörkum Gullhelli 1 og á gatnamótum Gullhelli og Silfurhelli annars vegar og á gatnamótum Gullhelli og Koparhelli hins vegar mældist hljóðstig yfir 70 dB en umferð vörubíla um götuna var kennt um. Heimilt er að stöðva mælingu eða taka út toppa í hljóðmælingu sem er tilkomin af óviðkomandi uppsprettum. Ekki er gerðar athugasemdir við hljóðstig við athafnasvæði rekstraraðila.

Útblástursmælingar voru gerðar 20. október 2022 og við sýnatökur í strompi kom í ljós að slupoki í hreinsivirki útblásturs hafði rofnað og því er óljóst hvort niðurstöður mælinga séu marktækar. Farið er fram á að sýnataka og mælingar í útblæstri verði gerðar við fyrsta tækifæri nú í vor.

Mælingar á fitu (olíu) og svifögnum í frárennsli voru gerðar 2. júní 2022 og reyndust þær utan losunarmarka í starfsleyfi. Fita/olía mældist 21 mg/L og svifagnir 559 mg/L.

Þetta er frávik frá kröfum í gr. 3.7 í starfsleyfi.

Síðast var komið í eftirlit á árinu 2021. Eitt frávik kom fram í eftirliti þess árs. Grænt bókhald barst ekki á réttum tíma fyrir 1. maí. Skýrslan barst 1. september 2021 og var frávikinu lokað.

2. Rekstraraðili hefur skilað inn uppfærðu skráningarblaði vegna olíugeyma að Gullhelli 1. Sex olíugeymar eru á skrá vegna stöðvarinnar, tveir bikgeymar, þrjár dísilolíugeymar og einn úrgangsolíugeymir. Heilbrigðiseftirlit svæðisins fær afrit af gögnunum.

3. Í starfsleyfinu er krafa um þrjár skriflegar áætlanir. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun og áætlun um rekstur rykhreinsibúnaðar. Ekki er gerð athugasemd við áætlanir.

Árlega skal mæla vegna losunarmarka í útblæstri og frárennsli. Allar tilskyldar mælingar eru að berst til stofnunarinnar og ekki gerð athugasemd við skil á gögnum, en eins og fjallað er um í lið nr. 1 hér að ofan, þá eru losunarmörk ekki alltaf virt.

Rekstraraðili skal senda Mannvirkja- og húsnæðisstofnun og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins afrit af viðbragðsáætlun sinni (gr. 2.5), afriti af niðurstöðum mælinga til Umhverfisstofnunar innan mánaðar frá því að þær eru gerðar (gr. 4.2) og senda umhverfisupplýsingar (áður grænt bókhald) til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert,

fyrir árið á undan.

Grænt bókhald (umhverfisupplýsingar) rekstraraðila, sbr. grein 4.7 í starfsleyfi, hefur ekki borist og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Trygging vegna bráðamengunar liggur fyrir.

Rekstraraðili er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi (ISO 14001) fyrir starfsemi sína.

Rekstraraðili skal tilkynna gangsetningu og stöðvun rekstrar í stöðinni hafi hann legið niðri í meira en mánuð. Eins ef breyting verður á tengilið rekstraraðila við stofnunina og ef mengunaróhöpp verða á staðnum.

Hæð skorsteins skal minnst vera 34 metrar og fylgjast skal með rykmyndun á svæðinu með myndavélakerfi.

4. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg. Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Starfsemi Colas Ísland ehf. að Gullhelli 1 er vel þekkt og ekki mörg ár síðan starfsemin fluttist frá Hringhelli 6 á núverandi lóð. Lóðin er að stórum hluta malbikuð. Ólíkegt er að mengaður jarðvegur finnist á lóðinni.

5. Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlits ársins 2022. Breytingar á flokkum og vægi þeirra í áhættumati fyrir malbikunarstöðvar voru kynntar. Uppfært áhættumat fyrir stöðina verður kynnt rekstraraðila fyrir árslok.

6. Kynnt var ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar sem tók gildi 1. mars sl. og eins breytt fyrirkomulag við boðun eftirlits. Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

7. Skoðunarferð. Gengið var um útisvæði á Gullhelli 1 og ekki gerðar athugasemdir aðrar en að fara þarf í viðhald á girðingu um lóðina.

Ekið var yfir á Silfurhelli 3 þar sem endurnýting malbiks og fræs fer fram. Colas Ísland ehf. tekur á mótí malbiksafgöngum og uppfræstu malbiki gegn gjaldi og endurvinnur það í malbik sem fyrirtækið selur.

Umhverfisstofnun lýsti því yfir í bréfi dags. 19. september 2019 að ekki sé ástæða til þess að gefa út ráðgefandi álit sbr. reglugerð nr. 1078/2015 þar sem endurnýting malbiks er vel þekkt og jákvæð niðurstaða í ráðgefandi áliti væri alveg augljós.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í grein 3.7 í starfsleyfi sem setur losunarmörk fyrir olíu í frárennsli við 15 mg/kg og losunarmörk fyrir svifagnir í frárennsli við 50 mg/L

í ársyfirliti rekstraraðila kemur fram að olía mældist 21 mg/kg og svifagnir mældust 559 mg/L

ákvæði í grein 4.7 í starfsleyfi gerir kröfu um Grænt bókhald KVM stöðvarinnar (með fasta staðsetningu) vegna 2022 skil á grænu bókhaldi (umhverfisupplýsingum) árlega fyrir 1. maí. hefur ekki borist.


ÁBENDINGAR

1. Ábending var gerð um að endurtaka sýnatöku og mælingar í útblæstri sem fyrst þegar stöðin er í eðlilegum rekstri.
2. Ábending er gerð um að laga göt á girðingu um Gullhelli 1.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.06.2023



Gottskálk Friðgeirsson